

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

Við skilgreiningar 2. gr. bætist:

Opinber sáðvörulisti: Listi sem Aðfangaeftirlitið gefur út yfir skráða sáðvöru eftir að hafa leitað állits *Sáðvöru- og áburðarnefndar*. Aðfangaeftirlitið birtir listann á heimasíðu sinni auk þess að koma honum á framfæri innan EES-svæðisins. Einnig sér Aðfangaeftirlitið um að uppfæra listann eftir þörfum.

2. gr.

Í stað 1. ml. 3. gr. kemur eftirfarandi:

Sáðvöru má einungis rækta undir opinberu eftirliti og viðurkenna til sölu ef hún er af stofni sem er tilgreindur á opinberum sáðvörulista.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. maí 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.